

**240. fundur Velferðar- og mannréttindaráðs, haldinn í Lindinni Dalbraut 4, þriðjudaginn 18. febrúar 2025 og hófst hann kl. 16:00.**

**Fundinn sátu:**

Kristinn Hallur Sveinsson formaður, Einar Brandsson varaformaður, Aníta Eir Einarsdóttir aðalmaður, Sveinborg Kristjánsdóttir deildarstjóri farsældarþjónustu fullorðinna og Sólveig Sigurðardóttir deildarstjóri farsældarþjónustu barna.

**Fundargerð ritaði:** Sveinborg Kristjánsdóttir, deildarstjóri farsældarþjónustu fullorðinna.

**Fyrir tekið:**

**1. 2303217 - Brú hses - Skógarlundur 42, stofnframlag vegna íbúðakjarna 2023**

Staðan á uppbyggingu Skógarlundar 42.

*Í ljósi stöðu verkefnisins óskar velferðar- og mannréttindaráð að hafinn verði undirbúningur á uppbyggingu nýs íbúðakjarna. Velferðar- og mannréttindaráð felur sviðsstjóra velferðar- og mannréttindasviðs að hefja samtal við samstarfsaðila um uppbygginguna. Ráðið óskar eftir því við skipulags- og umhverfissvið að finna hentuga lóð fyrir íbúðakjarnann.*

**2. 2401211 - Akstursþjónusta Akraneskaupstaðar 2024**

Staða á vinnslu útboðs á akstursþjónustu Akraneskaupstaðar lögð fram til kynningar.

*Drög að útboðsgögnum lögð fram til kynningar.*

**3. 2303099 - Dalabyggð- beiðni um framkvæmd og rekstur á barnaverndarþjónustu**

Drög að samningi milli Akraneskaupstaðar og Dalabyggðar um leiðandi hlutverk barnaverndarþjónustu hefur verið yfirfarinn af hálfu mennta- og barnamálaráðuneytis.

Eru þau drög ásamt athugasemdum ráðuneytisins lögð fram.

*Afgreiðslu málsins frestað þar til frekari gögn liggja fyrir.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:00.**